

# ÁRSSKÝRSLA 2022



Bjarkarhlíð við Bústaðarveg  
Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis



Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2022

Ábyrgðaraðilar Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir, fráfarandi teymisstjóri í Bjarkarhlíð  
og Jenný Kristín Valberg, teymisstjóri í Bjarkarhlíð

Uppsetning, samantekt og tölfræði: Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir

Útgáfustaður: Reykjavík, mars 2023

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg [www.bjarkarhlid.is](http://www.bjarkarhlid.is)

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.



## EFNISYFIRLIT

Upphafið .....	4
Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök .....	5
Hugmyndafræði .....	5
Hlutverk .....	5
Markmið .....	6
Samstarfsaðilar .....	6
Þjónusta .....	7
Birtingarmyndir ofbeldis .....	8
Fræðsla og kynningarstarf .....	9
Samstarf við háskólasamfélagið .....	11
Alþjóðlegt samstarf .....	11
Þjónusta við fyrrum vistbörn .....	11
Þolendamiðstöð á Vesturlandi .....	12
Mansal .....	12
Umbótaverkefni .....	13
Styrkir .....	13
Tölulegar upplýsingar 2022 .....	14
Þjónustukönnun .....	31
Bjarkarhlíð til framtíðar .....	35



## UPPHAFIÐ

Undirrituð var viljayfirlýsing milli Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands þann 4. október 2016. Eru þetta þeir samstarfsaðilar sem komu að stofnun Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis. Ákveðið var að Bjarkarhlíð yrði þriggja ára tilraunaverkefni. Fyrir þann tíma var starfandi undirbúningshópur þar sem allir samstarfsaðilar áttu sinn fulltrúa. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hélt utan um verkefnið í byrjun og kom að ráðningu verkefnastjóra í nóvemberlok 2016. Bjarkarhlíð opnaði formlega 2. mars 2017 og í upphafi störfuðu tveir starfsmenn í Bjarkarhlíð ásamt rannsóknarlögreglukonu í fullu starfi frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafar og stuðningsaðilar frá Kvennaathvarfi, Drekaslóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands sáu um reglulega viðveru í Bjarkarhlíð. Til viðbótar hafði Barnavernd Reykjavíkur aðstöðu í Bjarkarhlíð fyrir sálfræðinga sem sinntu börnum sem höfðu orðið vitni að ofbeldi. Frá 1. janúar 2019 hefur Bjarkarhlíð starfað sem frjáls félagasamtök þar sem allir samstarfsaðilar voru tilbúnir til að koma að starfinu áfram. Drekaslóð dró sig út úr samstarfinu 1. október 2022 þegar starfsemi Drekaslóðar var hætt.

Á árinu 2022 störfuðu þrír ráðgjafar í Bjarkarhlíð ásamt teymisstjóra. Rannsóknarlögreglukona frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu var með viðveru í 75% starfshlutfalli. Ekki var um að ræða viðveru frá Drekaslóð, Rótinni eða Barnavernd Reykjavíkur á árinu 2022.





## BJARKARHLÍÐ, FRJÁLS FÉLAGSAMTÖK

Rekstrarform Bjarkarhlíðar er í formi frjálsra félagasamtaka. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir samstarfsaðilar eigi fulltrúa í stjórn auk varamans. Samstarfsaðilar eiga almennt einn fulltrúa í stjórn en Félagsmálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa tvo aðalmenn og tvo varamenn í stjórn. Haldnir voru þrjár stjórnarfundir á árinu 2022, auk aðalfundar.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar er skipuð fimm aðilum sem kosnir eru á aðalfundi og tveimur til vara. Formaður framkvæmdastjórnar og stjórnar á starfsárinu 2022 var Þorbjörg Inga Jónsdóttir, lögmaður og fulltrúi Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdastjórn heldur almennt fundi hálfsmánaðarlega og voru haldnir 14 fundir á árinu 2022. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri Bjarkarhlíðar og vinnur teymisstjóri í hennar umboði.

## HUGMYNDAFRÆÐI

„Family Justice Center“ hugmyndafræðin byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnaði í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin var vel kynnt í Bandaríkjunum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarkarhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland var áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en í dag eru 19 miðstöðvar í Evrópu, EFJC European Family Justice Center. Þess má geta að tilraunaverkefni með sömu hugmyndafræði er nú starfrækt á Akureyri og nefnist Bjarmahlíð. Einnig eru Sigurhæðir á Selfossi byggðar upp með svipuðum hætti þó þjónustan þar miðist eingöngu við konur. Megininntakið í hugmyndafræðinni er að veita þjónustu fyrir fullorðna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu.

## HLUTVERK

Bjarkarhlíð býður upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Boðið er upp á samhæfða þjónustu á einum stað og hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á lögfræðilega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslu-kerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar. Bjarkarhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að koma á staðinn, hringja, senda tölvupóst eða bóka í gegnum vefsíðu og samfélagsmiðla. Aðgengilegt kynningarmyndband um starfsemina er á vefsíðu Bjarkarhlíðar.



## MARKMIÐ

Markmið Bjarkarhlíðar er að vera lágþröskuldapjónusta fyrir þolendur ofbeldis; auka öryggi þjónustupega og stuðla að valdeflingu þeirra, veita fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar ofbeldis, taka þátt í og koma að aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu og senda skýr skilaboð um hver beri ábyrgð á ofbeldinu. Það er meðal annars gert með því að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi í Bjarkarhlíð fyrir alla þolendur ofbeldis í nánnum samböndum.

## SAMSTARFSAÐILAR

Reykjavíkurborg leggur Bjarkarhlíð til húsnæði. Félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa frá upphafi veitt árlegt fjármagn til starfsemi Bjarkarhlíðar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til starfsmann í hlutastarfi sem staðsettur er í Bjarkarhlíð og sinnir öllum samskiptum við lögreglu auk þess að taka þátt í daglegum verkefnum Bjarkarhlíðar. Frjálsu félagasamtökin Stígamót og Kvennaathvarfið eru með ráðgjafa á sínum vegum í Bjarkarhlíð og veita ráðgjöf og stuðning á staðnum. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin veita lögfræðiráðgjöf einu sinni í viku í Bjarkarhlíð. Samstarfsaðilar eru allir með fulltrúa í stjórn og stýra þannig stefnu og mótun starfsins í Bjarkarhlíð.





## ÞJÓNUSTA

Bjarkarhlíð er lágþröskuldþjónusta og ekki þarf tilvísun til að koma í fyrsta viðtal. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka móttökuvíðtal við þjónustuþega þegar þeir koma í Bjarkarhlíð. Fyllt er út eyðublað við fyrstu komu og farið yfir trúnað og persónuverndarstefnu, þar sem bakgrunnsupplýsingum um viðkomandi og eðli ofbeldisins sem þjónustuþegi hefur orðið fyrir er safnað í gagnagrunn með samþykki þjónustuþega. Tölfræði Bjarkarhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.

Heldur dró úr þjónustuframboði hjá Bjarkarhlíð á árinu 2022 og eru á því nokkrar skýringar. Lögregla var að jafnaði þrjá daga í viku í Bjarkarhlíð, Drekaslóð hætti starfsemi og var ekki í samstarfi við Bjarkarhlíð á árinu. Þá greindist mygla í Bjarkarhlíðarhúsinu v/Bústaðaveg í maí 2022 og í framhaldinu var starfsemin flutt í bráðabirgðahúsnæði að Bleikargróf 6 meðan viðgerðir á Bjarkarhlíðarhúsinu stóðu yfir. Í húsnæðinu við Bleikargróf eru aðeins þrjú viðtalsherbergi og hafði það þau áhrif að skerða þurfti þjónustuna. Kvennaathvarf og Stígamót hafa ekki getað veitt þjónustu til skjólstæðinga í sama húsi frá því í maí 2022 og starfsfólk vann heima 1-2 daga í viku til að rýma fyrir lögreglu og lögfræðiráðgjöf.

Einstaklingsviðtöl hafa verið stærsti liður í þjónustu Bjarkarhlíðar. Venjan er að bjóða upp á 1-3 viðtöl við ráðgjafa Bjarkarhlíðar og í framhaldinu er þjónustuþega boðinn áframhaldandi stuðningur og ráðgjöf hjá þeim aðilum sem best þykja til þess fallnir að vinna með afleiðingar þess ofbeldis sem hann hefur orðið fyrir. Áframhaldandi viðtöl og stuðningur er í boði hjá samstarfsaðilum Bjarkarhlíðar. Algengast er að Kvennaathvarfið og Stígamót hitti viðkomandi í nokkur skipti í Bjarkarhlíð en bjóði síðan upp á framhaldsviðtöl á starfsstöðvum sínum. Lögreglan og aðrir samstarfsaðilar bjóða upp á alla sína þjónustu í Bjarkarhlíð.

Um miðjan september 2022 fór Bjarkarhlíð af stað með tvo stuðningshópa fyrir konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi. Stuðningshóparnir hittust einu sinni í viku í alls tíu skipti, undir handleiðslu ráðgjafa. Hver hóptími var tvískiptur og samanstóð af fræðslu og samtali. Tuttugu konur nýttu sér stuðningshópana 2022 en stefnt er að því að fjölga hópunum þar sem færri komust að en vildu.

Þá sinnir Bjarkarhlíð einnig fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis til fyrirtækja og stofnana, tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur tekið að sér verkefni fyrir ríki og borg.



## BIRTINGARMYNDIR OFBELDIS

Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir. Í Bjarkarhlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldið sem þjónustuþegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar í þeirri tölfraði sem er safnað og birtist m.a. í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru vitaskuld fleiri.

- **ANDLEGT OFBELDI:** til dæmis stjórnnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun, morðhótun, ógnandi hegðun og gaslýsing þar sem brotþoli fer að efast um minni sitt og upplifanir.
- **LÍKAMLEGT OFBELDI:** til dæmis að hrinda, ýta, slá, halda, kýla, sparka í, brenna, drekkja, kæfa, kyrkja.
- **KYNFERÐISLEGT OFBELDI:** til dæmis að þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, vakna við nauðgun/"kynlíf", byrlun og kynfrelsi ekki virt.
- **MANSAL:** hagnýting á bágum aðstæðum einstaklings til kynlífsþjónustu. Nauðungarvinna sem oft er nefnd nútímaþrælahald fellur einnig undir þennan flokk.
- **FJÁRHAGSLEGT OFBELDI:** til dæmis að skemma muni, skerða aðgang að fjármunum, veita ekki upplýsingar um fjárhagslega stöðu, fjárhagslegt óöryggi, krafa um lántöku og skuldsetning einstaklings gegn hans vilja.
- **STAFRÆNT OFBELDI:** misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla, persónustuldur.
  - ...þar af stafrænt kynferðisofbeldi: til dæmis myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.
- **ELTIHRELLIR (STALKING):** til dæmis að elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gegn vilja hennar, njósnir og ofsóknir, staðsetningarbúnaði komið fyrir í síma eða ökutæki.
- **BEINT OG/EÐA ÓBEINT OFBELDI GEGN BÖRNUM:** einhvers konar líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi sem gerist inni á heimilinu, hvort sem það beinist gegn barni eða ekki.
- **VANRÆKSLA VIÐKVÆMRA HÓPA:** til dæmis aðstoð haldið viljandi frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.
- **OFBELDI SEM FELUR Í SÉR MISMUNUN:** ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Þjónustuþegar Bjarkarhlíðar eiga það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi og vilja vinna með afleiðingar þess. Ofbeldi í nánnum samböndum er samfélagslegt, heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra úrræða og félagasamtaka getur stuðlað að heildarsýn varðandi afleiðingar og úrræði.



## FRÆÐSLA OG KYNNINGARSTARF

Bjarkarhlíð fékk heimsóknir frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum á árinu, ásamt því að starfsfólk Bjarkarhlíðar kynnti starfsemina þar sem þess var óskað. Einnig tók Bjarkarhlíð þátt í ýmsum samstarfsverkefnum.

### Janúar

- Starfsfólk fékk fræðslu hjá Tengja um menningarnæmi
- Teymisstjóri kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar á Vogu
- Starfsfólk kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar í viðtali á BBC
- Starfsfólk sótti málþing um stafrænt ofbeldi á netinu

### Febrúar

- Starfsfólk fékk fræðslu um afleiðingar kyrkingartaks hjá Kvennaathvarfi
- Starfsfólk hélt kynningu á ofbeldi í nánum samböndum fyrir konur af erlendum uppruna í Gerðubergi
- Jarðhitaskólinn fékk kynningu á starfseminni

### Mars

- Stjórnvísir fékk kynningu á starfseminni
- Teymisstjóri sótti Landsþing hinsegin fólks í lðnó þar sem fjallað var um hinsegin heimilisofbeldi
- Bjarkarhlíð fékk heimsókn frá Píetasamtökunum
- Smitten heimsótt Bjarkarhlíð og fékk kynningu á starfseminni
- Konur frá Póllandi heimsóttu Bjarkarhlíð og kynntu sér starfsemina
- Heimsókn frá grasrótarsamtökum í Póllandi sem vinna gegn heimilisofbeldi

### Apríl

- Konur frá Litháen heimsóttu Bjarkarhlíð og kynntu sér starfsemina

### Maí

- Teymisstjóri fékk kynningu á sýndarveruleika Statum með hugsanlegt samstarf í huga
- Heimsókn frá Póllandi og kynning á starfsemi (haldin í Sóltúni v. húsnæðiseklu)
- Kynning fyrir ASÍ

### Júní

- Kynning á nýju húsnæði í Íslandi í dag
- Formaður stjórnar, teymisstjóri og ráðgjafi sóttu ráðstefnu EFJCA í Hollandi



## Ágúst

- Fræðsla um hinsegin heimilisofbeldi hjá Samtökunum 78
- Heimsókn frá Grikklandi á vegum Ríkislögreglustjóra þar sem þjónusta Bjarkarhlíðar var kynnt
- Kynning á þjónustu Bjarkarhlíðar fyrir þátt Eddu Falak
- Teymisstjóri kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar gegnum fjarfund fyrir grasrótarsamtök í Svíþjóð

## September

- Teymisstjóri hélt kynning fyrir læknanema á 6. ári í kennslustund við HÍ
- Tveir ráðgjafar Bjarkarhlíðar sóttu vændisráðstefnu Stígamóta
- Kynning fyrir Mjölni, bardagaklúbb
- Undirbúningsfundur vegna landssamráðsfundar gegn ofbeldi
- Bikers Against Child Abuse (BACA) komu í heimsókn og kynntu starfsemi sína á Íslandi
- Teymisstóri kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir þátttakendum í verkefninu Saman gegn ofbeldi

## Október

- Teymisstjóri tók þátt í þriggja daga vinnustofu með mansals-sérfræðingum OSCE á vegum dómsmálaráðuneytisins. (OSCE: the issues covered by the individual meetings of the SR and engage in dialogue on the anti-trafficking response in Iceland)

## Nóvember

- Teymisstjóri kynnti hópastarf Bjarkarhlíðar fyrir starfskonum Kvennaathvarfs
- Teymisstjóri hélt erindi á Málþingi SÁÁ um þjónustu Bjarkarhlíðar og samstarf við SÁÁ
- Eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með samningi um aðgerðir gegn mansali (úttekt GRETA), kom í heimsókn í Bjarkarhlíð og kynnti sér starfsemina og aðbúnað
- Ráðgjafar Bjarkarhlíðar kynntu starfsemina fyrir Tengja, sem eru frjáls félagasamtök sem vinna með menningarnæmi og mið austurlönd
- Kristín Hjálmarsdóttir, sjálfstætt starfandi jafnréttisráðgjafi, heimsótti Bjarkarhlíð vegna greiningar á þjónustumiðstöðvum fyrir þolendur ofbeldis á vegum dómsmálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra í samvinnu við heilbrigðisráðherra
- Kennsla hjá nemendum í Mennta- og starfspróunarsetrinu

## Desember

- Neyðarmóttakan og bráðamóttakan komu í heimsókn og kynntu sér starfsemina
- Teymisstjóri fór í þriggja daga heimsókn til Bjarmahlíðar á Akureyri til að kynna sér starfsemina fyrir norðan og aðstoða við vefsíðugerð



## SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ

Frá upphafi hefur Bjarkarhlíð átt í samstarfi við háskólasamfélagið og fengið til sín nema, bæði í starfskynningu og starfsnám. Á árinu fengu nemar úr félagsráðgjöf HÍ að fylgjast með starfi Bjarkarhlíðar. Þá fengu nemar úr hjúkrunarfræði við HÍ og HA, laganemar við HR og nemar úr Menntaskólanum við Sund fræðslu um birtingarmyndir ofbeldis og starfsemi Bjarkarhlíðar.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

- Teymisstjóri tók þátt í fjarfundum EFJCA á árinu 2022
- Teymisstjóri tók setu í stjórn samtakanna (EFJCA supervisory board) í ágúst 2022
- Þátttaka í Nordic Council of Ministers
- Þátttaka í Greivio - The independent expert body responsible for monitoring the implementation of the Council of Europe Convention on Preventing and Combating Violence against Women and Domestic Violence (Istanbul Convention),
- Þátttaka í úttekt GRETA (eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með samningi Evrópuráðsins um baráttuna gegn mansali)
- Þátttaka í OSCE - Organization for Security and Co-operation in Europe (Recommendations of the OSCE Special Representative and Co-ordinator for Combating Trafficking in Human Beings (SR/CTHB) on the need to enhance anti-trafficking prevention amid mass migration flows)
- Norræn samburðarrannsókn um stafrænt ofbeldi - NORDREF

## ÞJÓNUSTA VIÐ FYRRUM VISTBÖRN

Að ósk stjórnvalda hélt Bjarkarhlíð úti sérstakri sínavakt dagana 14.-18. september 2022 fyrir fyrrum vistbörn meðferðarheimilisins í Varpholti og á Laugalandi 1997-2007. Að auki var boðið upp á staðviðtöl helgina eftir að skýrslan kom út og áframhaldandi stuðning í samvinnu við stjórnvöld.



## ÞOLENDAMIÐSTÖÐ Á VESTURLANDI

Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir að Bjarkarhlíð tæki að sér að veita tímabundið þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum gegn fjárstyrk þar sem engin móttökumiðstöð er þar fyrir brotþola. Þetta var samþykkt á framkvæmdastjórnarfundum í október og vinnur teymisstjóri að nánari útfærslu.

## MANSAL

Félagsmálaráðuneytið gerði styrksamkomulag við Bjarkarhlíð vegna vinnu við samræmda velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals. Um var að ræða tilraunaverkefni til eins árs frá og með 1. júlí 2020 – 1. júlí 2021. Samningnum hefur verið framlengt til 1. mars 2023. Stefnt er að því að koma á fót sérstakri samhæfingarmiðstöð (e. National Referral Center) í framhaldi af tilraunaverkefninu.

Teymisstjóri hefur verið fulltrúi Bjarkarhlíðar í verkefninu og hlutverk hans er að kalla saman viðeigandi aðila þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur er um slíkt. Í framkvæmdatömyminu hafa átt sæti fulltrúar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnun, félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem mál koma upp auk félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi er með lögheimili, Kvennaathvarfinu, Vinnumálastofnun, verkalýðshreyfingunni, heilsugæslu og öðrum viðeigandi aðilum, eftir atvikum.

Verkefnið er unnið í samræmi við Þingsályktun um áætlun fyrir árin 2019 – 2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, sem samþykkt var á Alþingi í júní 2019. Samkvæmt lýsingu á tilraunaverkefninu í fylgiskjali með styrksamkomulagi við Bjarkarhlíð um samræmda velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals eru nefnd eftirfarandi atriði varðandi hlutverk starfsmanns Bjarkarhlíðar:

1. Taka á móti mansalstilkynningum
2. Hafa samband við viðeigandi aðila
3. Boða teymi til fundar, ef þarf
4. Halda utan um fundargerðir og aðgerðir teymis í hverju mál
5. Vinna samantekt um hvert mansalsmál

Í upphafi verkefnisins var skipað sérstakt teymi innan Bjarkarhlíðar til þess að fylgja verkefninu eftir. Árið 2022 skipuðu teymið Einar G. Jónsson frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir frá Stígamótum og Margrét Steinarsdóttir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir var teymisstjóri verkefnisins árið 2022.



## UMBÓTAVERKEFNI

Bjarkarhlíð hefur frá upphafi safnað fjölbreyttum upplýsingum um þjónustuþega í fyrsta greiningarviðtali hjá miðstöðinni. Á árinu fór í gang vinna við verkferla og endurskoðun á spurningalista fyrir fyrsta viðtal. Í ágúst 2022 tók Bjarkarhlíð í notkun spjaldtölvur til að safna ópersónugreinanlegum gögnum sem þjónustuþegi fyllir út sjálfur við fyrstu komu og ráðgjafi bætir svo við í fyrsta viðtali. Einnig er undirskrift þagnarheita orðin rafræn og þjónustuþegi spurður hvort hann vilji gefa samþykki fyrir þátttöku í þjónustukönnun. Þessar upplýsingar eru geymdar í skýi.

Viðtalsskýrslur voru endurskoðaðar á árinu og viðtöl við þjónustuþega straumlínulöguð. Sú nýbreytni var tekin upp að bjóða öllum skjólstæðingum upp á 1-3 viðtöl til að brúa bilið meðan beðið er eftir öðrum úrræðum. Einnig er nú lögð meiri áhersla á aðstoð við að tryggja öryggi þolenda og meta hættu á frekara ofbeldi, í samvinnu við lögreglukonu á staðnum.

Þá hefur vefur Bjarkarhlíðar verið endurhannaður og endurskoðaður og eru nú upplýsingar á honum á níu tungumálum. Um leið var vistun vefsíðunnar breytt ásamt kerfisumsjón. Á árinu var einnig unnið að gerð starfslýsinga, bæði fyrir ráðgjafastarf sem og teymisstjóra. Nýjar starfslýsingar voru samþyktaðar á framkvæmdastjórnarfundum í október.

## STYRKIR

Nokkrir styrktu Bjarkarhlíð á árinu 2022. Reykjavíkurborg veitti veglegan styrk í september til að koma til móts við aukna aðsókn í kjölfar umræðu um vistheimili. Hafnarfjörður og Garðabær voru þau sveitarfélög sem styrktu Bjarkarhlíð fyrir utan Reykjavík. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið styrkti Bjarkarhlíð til að koma á fót þolendamiðstöð á Vesturland og Forsætisráðuneytið styrkti Bjarkarhlíð í lok árs. Minningarsjóður Vilhjálms Fenge styrkti hópastarf Bjarkarhlíðar og VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður, Seðlabanki Íslands og Rio Tinto á Íslandi veittu starfseminni einnig stuðning.





## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR 2022

Upplýsingar í ársskýrslu Bjarkarhlíðar eru fengnar úr spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustuvegar svara þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal. Þjónustuvegar svara sjálfir bakgrunnsupplýsingum en ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka svo við og fylla inn í komuskýrsluna. Samskonar spurningarlisti er lagður fyrir alla þjónustuvega.


Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar úr helstu þáttum í komuskýrslu og í ákveðnum tilvikum skoðuð breyting milli ára. Athugið að í einhverjum tilfellum svöruðu ekki allir þjónustuvegar öllum spurningum í komuskýrslu og í þeim tilfellum eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum fyrir þá spurningu.

Nánari upplýsingar frá fyrri árum má nálgast í ársskýrslum á vefsíðu Bjarkarhlíðar.

Á árinu 2022 leituðu alls 978 einstaklingar til Bjarkarhlíðar í fyrsta viðtal. Fjöldi einstaklinga í fyrsta viðtal árið 2020 var 1.059 einstaklingar. Samdráttur í fyrsta viðtali milli áráanna 2021 og 2022 er því um 8%. Meirihluti þjónustuvega (69%) er að koma vegna atviks sem er nýtt, þ.e. átti sér stað á undangengnu ári, en 28% þjónustuvega leita til Bjarkarhlíðar vegna atviks sem er gamalt, þ.e. átti sér stað fyrir lengra en ári síðan. Um 3% þjónustuvega gáfu ekki upp hvenær ofbeldisatvik átti sér stað.

Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim þjónustuvegum sem til Bjarkarhlíðar leituðu á árinu.

### 1. Tími atviks



**Mynd 1.** Tími atviks (hér er átt við það ofbeldisatvik sem þjónustuvegi er kominn til að ræða núna).



## 2. Þjónusta áður

Margir þjónustupegar höfðu fengið þjónustu annars staðar áður en þeir komu í Bjarkarhlíð, margir þeirra á fleiri en einum stað, en 264 einstaklingar höfðu aldrei fengið neina þjónustu áður en þeir leituðu til Bjarkarhlíðar. Sjá nánar í töflu 1.


Þjónusta áður	Fjöldi	Hlutfall
Sjálfstætt starfandi meðferðaraðili (sálfræðingur/fíknifræðingur eða annað)	396	40%
Ekki fengið aðstoð áður	264	27%
Lögreglu	260	27%
Heilsugæslu/spítala	141	14%
Barnavernd	141	14%
Bjarkarhlíð	118	12%
Þjónustumiðstöð	108	11%
Geðdeild	91	9%
Endurhæfingarúrræði	80	8%
Kvennaathvarfi	79	8%
Sýslumaður	75	8%
Stígamótum	62	6%
Bráðamóttöku LSH	55	6%
Já, aðstoð annars staðar	37	4%
Píetasamtökum	29	3%
Neyðarmóttöku v. kynferðisofbeldis	12	1%
Öðrum frjálsum félagasamtökum	8	1%
Drekaslóð	7	1%
Bjarmahlíð	4	0%
Sigurhæðum	2	0%
	1.969	201%

**Tafla 1.** Dreifing svara þjónustupega vegna þjónustu sem þeir höfðu fengið áður en þeir komu í Bjarkarhlíð á árinu 2022. Athugið að fjöldi svara (N=1.969) er hærrí en fjöldi þjónustupega (N=978), en það skýrist af því að einhverjir þjónustupegar höfðu fengið aðstoð áður á fleiri en einum stað. Hlutfallsleg dreifing eins og sýnd er hér í prósentum miðast þó við fjölda einstaklinga (N=978) og er samanlagt hlutfall því hærra en 100%.



### 3. Komufjöldi eftir mánuðum

Að meðaltali komu 82 einstaklingar í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð í hverjum mánuði árið 2022. Flestir komu í fyrsta viðtal í september eða 11% en færstir komu í fyrsta viðtal í júní eða 6%. Sjá nánar dreifingu fyrstu viðtala á mynd 2.



**Mynd 2.** Dreifing fyrstu viðtala eftir mánuðum.

### 4. Upplýsingar um úrræðið

Heyrði af úrræðinu	Fjöldi	Hlutfall
Annað	61	6%
Áfengis- og vímuefnaeðferð	25	3%
Barnavernd	14	1%
Fann sjálf/ur/t upplýsingar	80	8%
Heilbrigðiskerfið	44	4%
Hjá VIRK	6	1%
Kom ekki fram/náði ekki að spyrja	6	1%
Lögregla	20	2%
Opinber umfjöllun	202	21%
Samskiptamiðlar (t.d. Instagram, Facebook o.s.frv.)	42	4%
Velferðarsvið/Félagsþjónusta	108	11%
Vinnustaður/samstarfsaðili	16	2%
Vinur/kunningi/fjölskylda	354	36%
<b>Samtals</b>	<b>978</b>	<b>100%</b>

Flestir heyrðu af Bjarkarhlíð í gegnum vin eða kunningja eða 354 einstaklingar (36%), en 202 sögðust hafa heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum opinbera umfjöllun (21%).


Einungis 1% þjónustuþega heyrðu af úrræðinu í gegnum barnavernd. Sjá nánar í töflu 2.

**Tafla 2.** Dreifing svara þjónustuþega við spurningunni „Hvernig heyrðir þú fyrst af Bjarkarhlíð?“



## 5. Aldur


Aldur þjónustuþega í Bjarkarhlíð árið 2022 var svipað dreifður og árið á undan. Flestir voru í aldurshópnum 18-30 ára (33%) og 31-40 ára (31%). Sjá mynd 3.



**Mynd 3.** Aldursdreifing þjónustuþega í Bjarkarhlíð árið 2022.

## 6. Kyn

Alls svöruðu 973 einstaklingar spurningunni um kyn. Meirihluti þjónustuþega eða 88% voru konur en 11% karlar. Fimm einstaklingar skilgreindu kyn sitt á annan hátt. Sjá mynd 4.




**Mynd 4.** Skipting þjónustuþega eftir kyni; karl, kona, kynsegin.



## 7. Kynhneigð

Alls svöruðu 947 einstaklingar spurningunni um kynhneigð, flestir voru gagnkynhneigðir eða 90% þeirra sem svöruðu. Sjá mynd 5.



**Mynd 5.** Dreifing svara um kynhneigð; er ekki viss, gagnkynhneigð, samkynhneigð, tvíkynhneigð.

## 8. Uppruni

Þegar skoðaður er uppruni þjónustuþega er lítil breyting milli ára 2021 og 2022. Hlutfall þjónustuþega sem skilgreina sinn uppruna íslenskan fækkaði úr 91% í 90%. Sjá svör þeirra 978 sem svöruðu spurningunni um uppruna í töflu 3.

Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
Erlend/ur/t - innan EES	42	4%
Erlend/ur/t - utan EES	43	4%
Íslensk/ur/t	878	90%
Vil ekki svara	15	2%
	978	100%

**Tafla 3.** Uppruni þjónustuþega sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2022; erlendur (innan Evrópu), erlendur (utan Evrópu), íslenskur, vil ekki svara.



Þjónustuþegum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál er boðið upp á túlkajónustu. Þjónustuþegar frá eftirfarandi löndum, auk Íslands, sóttu þjónustu í Bjarkarhlíð á árinu 2022:

Afganistan, Brasilíu, Bretlandi, Cabo Verde, Danmörku, El Salvador, Filippseyjum, Frakklandi, Hollandi, Hvíta Rússlandi, Írak, Íran, Ítalíu, Kasakstan, Kósóvó, Litháen, Marokkó, Mexíkó, Namibíu, Nýja Sjálandi, Nígeríu, Noregi, Palestínu, Perú, Póllandi, Portúgal, Rússlandi, Sómalíu, Spáni, Sri Lanka, Suður Kóreu, Svíþjóð, Sírylandi, Tékklandi, Taílandi, Úkraínu, Venesúela, Víetnam og Þýskalandi.

## 9. Búseta

Alls svöruðu 978 einstaklingar spurningu um búsetu. Flestir komu af höfuðborgarsvæðinu en alls þjuggu 539 (55%) þjónustuþegar í Reykjavík en 264 (27%) komu af höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Alls 150 (15%) komu af landsbyggðinni. Sjá töflu 4.

Búseta	Fjöldi	Hlutfall
Annað	12	1%
Austurlandi	11	1%
Erlendis	13	1%
Garðabæ	51	5%
Hafnarfirði	82	8%
Kópavogi	83	8%
Mosfellsbæ	41	4%
Norðurlandi	8	1%
Reykjavík	539	55%
Seltjarnarnesi	7	1%
Suðurlandi	33	3%
Suðurnesjum	70	7%
Vesturlandi	28	3%
	978	100%

**Tafla 4.** Búseta þjónustuþega.



## 10. Hjúskaparstaða

Fleiri þjónustuvegar voru einhleypir, að skilja/slíta sambúð eða ekkjar/ekkjur (58%) heldur en þeir sem voru í sambandi eða giftir (38%). Sjá töflu 5.

Hjúskaparstaða	Fjöldi	Hlutfall
Annað	31	3%
Einhleyp/ur/t	428	44%
Ekkja/ekkill	3	0%
Er að skilja/slíta sambúð	138	14%
Gift/ur	122	13%
Í sambúð/sambandi	252	26%
	974	100%

**Tafla 5.** Hjúskaparstaða þjónustuvega sem leituðu í Bjarkarhlíð á árinu 2022. Við þessa spurningu vantar svör 4 einstaklinga og er nefnarinn því N=974 í útreikningum í töflu 5 en ekki 978 eins og heildarfjöldi þjónustuvega á árinu.

## 11. Atvinnustaða

Alls voru 53% þjónustuvega í fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja og þeirra sem voru á tímabundnum endurhæfingarlífeyri var 21% og atvinnulausir voru 6%. Sjá töflu 6.

Atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall
ANNAÐ	20	2%
ÁN ATVINNU	59	6%
ELLILÍFEYRISÞEGI	12	1%
ENGIN FRAMFÆRSLA	5	0%
FRAMFÆRSLA SVEITARFÉLAGSINS	18	2%
BARNBURÐARLEYFI	24	2%
HEIMAVINNANDI	8	1%
Í FULLU STARFI	442	42%
Í HLUTASTARFI	117	11%
NEMI	130	12%
ÖRYRKI/ENDURHÆFINGARLÍFEYRIR	218	21%
	1053	100%

**Tafla 6.** Atvinnustaða þjónustuvega þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð á árinu 2022.

Samanlagður fjöldi svara þjónustuvega hér var 1.053 þar sem einhverjir eru t.d. í vinnu og í námi og er nefnarinn vegna útreikninga í töflu 6 því 1.053.



## 12. Menntunarstig

Meirihluti þjónustupega höfðu lokið framhaldsskóla eða háskóla eða samtals 51%. Alls höfðu 22% lokið grunnskólanámi og 17% sérskólanámi. Sjá nánar í töflu 7.

Menntunarstig	Fjöldi	Hlutfall
Annað	40	4%
Framhaldsskólanám (með stúdentsprófi)	190	19%
Grunnskólanám	214	22%
Háskólanám	313	32%
Kom ekki fram/náði ekki að spyrja	57	6%
Sérskólanám (t.d. Tækniskólinn, iðnnám, starfsréttindi)	164	17%
	978	100%


**Tafla 7.** Menntunarstig þjónustupega sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2022. Sérskólanám er t.d. Tækniskólinn eða sambærileg menntun.

## 13. Fötlun eða sjúkdómar

Til að henda reiður á fjölda þeirra einstaklinga sem til Bjarkarhlíðar leita og búa við fötlun og/eða sjúkdóm eru þjónustupegar spurðir hvort þeir búi við eitthvað af eftirfarandi; andlegan sjúkdóm, líkamlegan sjúkdóm, kulnun í starfi, hreyfihömlun, heyrnarleysi, þroskaskerðingu, blindu/sjónskerðingu og/eða annað. Alls svöruðu 946 einstaklingar spurningunni. Tæp 60% sögðu já og svör þeirra má sjá í töflu 8.

Fötlun/sjúkdómur	Fjöldi
Andlegur sjúkdómur	270
Líkamlegur sjúkdómur	134
Kulnun í starfi	71
Annað	33
Hreyfihömlun	14
Heyrnarleysi/skerðing	13
Þroskaskerðing	12
Blinda/sjónskerðing	4

551



**Mynd 6.** Dreifing svara um fötlun og/eða sjúkdóm.

**Tafla 8.** Fötlun og/eða sjúkdómar sem þjónustupegar Bjarkarhlíðar 2022 glíma við.



## 14. Birtingarmyndir ofbeldis


Í töflu 9 er gerð grein fyrir birtingarmyndum ofbeldis sem þjónustuþegar hafa mátt þola en alls greindu 963 einstaklingar frá ólíkum tegundum ofbeldis.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Andlegt ofbeldi	906	94%
... þar af morðhótun	(148)	-
Kynferðislegt ofbeldi	488	51%
... þar af kynferðislegt áreiti	(224)	-
Líkamlegt ofbeldi	526	55%
Kyrkingartak	142	15%
Fjárhagslegt ofbeldi	445	46%
Stafrænt ofbeldi	301	31%
... þar af stafrænt kynferðisofbeldi	(75)	-
Eltihrellir (e. stalking)	194	20%
Frelsissvipting	152	16%
Beint/óbeint ofbeldi gegn börnum	483	50%
	3.637	378%

**Tafla 9.** Birtingarmynd ofbeldis. Athugið að margir þjónustuþegar hafa mátt þola fleiri en eina tegund ofbeldis, því er samanlagt hlutfall hærra en 100% í töflu 9.

Nefnarinn við útreikninga fyrir töflu 9 er 963, sem er fjöldi einstaklinga sem svöruðu spurningunni.

Þegar merkt var við einn möguleika reyndust 77% þjónustuþega vera komnir til að ræða heimilisofbeldi.



**Mynd 7.** Dreifing svara þegar ráðgjafar merktu við einn möguleika. Að auki nefndi einn þjónustuþegi hatursglæp, einn nefndi ofbeldi gegn öðrum minnihlutahópi og einn nefndi vændi.



## 15. Tengsl við geranda

Ef svör þjónustuþega eru skoðuð út frá tengslum við geranda eru 88% þjónustuþega að koma vegna heimilisofbeldis, þ.e. gerandinn er barn, foreldri/stjúpforeldri, ættingi, barnsfaðir eða núverandi/fyrirverandi maki. Sjá nánar í töflu 10.


Tengsl við geranda	Fjöldi	Hlutfall
Núverandi maki	190	19%
Fyrirverandi maki	507	51%
Ættingi	23	2%
Foreldri	124	12%
Stjúpforeldri	16	2%
Barn	15	2%
Fjölskylduvinur	7	1%
Vinur/kunningi	48	5%
Vinnufélagi	11	1%
Fagaðili	9	1%
Ókunnur	28	3%
Annað	15	2%

**Tafla 10.** Tengsl þjónustuþega við geranda.

Samanlagður fjöldi svara þjónustuþega hér var 993 þar sem einhverjir nefndu fleiri en einn geranda. Nefnarinn vegna útreikninga í töflu 10 er því 993.

## 16. Kyn, aldur og uppruni geranda

Upplýsingar um kyn geranda lágu fyrir í 952 málum. Karlar voru gerendur í 83% málanna og konur í 16% mála, 2 einstaklingar skilgreina kyn sitt á annan hátt. Flestir gerendur voru á aldursbilinu 31-40 ára (29%). Sjá mynd 8.



**Mynd 8.** Aldursdreifing geranda.



Upplýsingar um uppruna gerenda lágu til grundvallar útreikninga í 958 málum. Flestir gerendur voru íslenskir eða 86% en 6% höfðu erlendan uppruna, innan Evrópu og 8% höfðu erlendan uppruna, utan Evrópu. Svipaða sögu er að sjá fyrri ár. Sjá töflu 11.

Ár	Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
2019			
	Íslensk/ur/t	439	80%
	Erlend/ur/t - innan EES	56	10%
	Erlend/ur/t - utan EES	51	9%
		546	
2020			
	Íslensk/ur/t	663	84%
	Erlend/ur/t - innan EES	73	9%
	Erlend/ur/t - utan EES	51	7%
		787	
2021			
	Íslensk/ur/t	891	85%
	Erlend/ur/t - innan EES	72	7%
	Erlend/ur/t - utan EES	79	8%
		1.042	
2022			
	Íslensk/ur/t	823	86%
	Erlend/ur/t - innan EES	57	6%
	Erlend/ur/t - utan EES	78	8%
		958	


Þjónustupegar Bjarkarhlíðar árið 2022 nefndu gerendur frá eftirfarandi löndum utan Íslands:

Afganistan, Albaníu, Austurríki, Bandaríkjunum, Bangladesh, Brasilíu, Bretlandi, Chile, Danmörku, Englandi, Filippseyjum, Frakklandi, Georgíu, Gíneu, Haítí, Indlandi, Írak, Íran, Ísrael, Ítalíu, Japan, Jórdaníu, Kanada, Kasakstan, Kenýu, Kósovo, Lettlandi, Litháen, Marokkó, Mexíkó, Nígeríu, Noregi, Palestínu, Perú, Portúgal, Póllandi, Rúmeníu, Rússlandi, Rwanda, Slóvakíu, Sómalíu, Spáni, Sri Lanka, Suður-Ameríku, Svíþjóð, Sýrlandi, Tékklandi, Thaílandi, Tyrklandi, Úkraínu, Víetnam og Þýskalandi.

**Tafla 11.** Uppruni gerenda, samanburður síðustu fjögurra ára.

## 17. Kærur á hendur geranda

**Mynd 9.** Rúm 13% sögðu að ofbeldismál gegn viðkomandi geranda hefðu verið kærð til lögreglu.





Alls svöruðu 964 þjónustuþegar af 978 spurningunni um vettvang ofbeldisins en hluti þjónustuþega hefur upplifað ofbeldi oftár en einu sinni og því er samanlagður fjöldi hér 1.280. Algengast var að ofbeldið ætti sér stað inni á heimilinu eða í 83% tilfella. Sjá nánar töflu 12.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Sameiginlegt heimili geranda og þolanda	686	54%
Heimili þolanda	230	18%
Heimili geranda	150	12%
Utandyra	29	2%
Vinnustaður	20	2%
Í bíl	47	4%
Á skemmtistað	12	1%
Annað	106	8%
	1.280	100%

**Tafla 12.** Vettvangur ofbeldisins. Nefnarinn hér er 1.280.

## 19. Fíkn gerenda

Alls svöruðu 704 (72%) þjónustuþegar af 978 spurningu um hvort þeir telji að gerandi búi við einhvers konar fíkn. Hluti þjónustuþega nefndi fleiri en eina tegund fíknar og því er samanlagður fjöldi hér 922. Sjá nánar töflu 13.

Fíkn gerenda	Fjöldi	Hlutfall
Já, áfengisfíkn	323	46%
Já, vímuefnavanda	220	31%
Já, klámfíkn	56	8%
Já, spilafíkn	21	3%
Já, annað	16	2%
Nei, enga fíkn	286	41%
	922	131%


**Tafla 13.** Dreifing svara við spurningunni: Telur þú að gerandi búi við einhvers konar fíkn? Sumir þjónustuþegar nefndu fleiri en eina tegund fíknar, því er samantlagt hlutfall hærra en 100%.

Nefnarinn hér er 704 sem er hluti einstaklinga sem svöruðu spurningunni.




## 20. Vopn og eyðilegging muna

Af 978 þjónustupegum svöruðu 691 (71%) spurningunni um vopnanotkun í tengslum við ofbeldisatvik af hálfu geranda. Alls sögðu tæp 22% þeirra þjónustupega sem svöruðu spurningunni að gerandi hafi beitt vopni í tengslum við ofbeldið. Í 29% tilvika var ekki spurt um vopnanotkun eða spurningin átti ekki við. Sjá mynd 10.



**Mynd 10.** Vopnanotkun.


Alls svöruðu 801 einstaklingur (82%) af 978 spurningu um hvort gerandi hafi eyðilagt muni þjónustupega. Alls 53% þeirra þjónustupega sem svöruðu sögðu „já“ við spurningunni en 47% „nei“. Í 18% tilvika var ekki spurt um eyðileggingu muna eða spurningin átti ekki við. Sjá mynd 11.



**Mynd 11.** Eyðilegging muna.

## 21. Fjárhagslegt ofbeldi

Alls svöruðu 785 einstaklingar (80%) af 978 spurningu um hvort ofbeldið hefði haft áhrif á fjárhagslega afkomu. Af 978 þjónustupegum sögðu 58% „já“ við spurningunni en 22% „nei“. Sjá mynd 12.




**Mynd 12.** Dreifing svara um fjárhagslegt ofbeldi.



## 22. Afleiðingar ofbeldis

Afleiðingar ofbeldis geta verið margskonar og eru ekki bundnar við andlegar, líkamlegar og/eða fjárhagslegar afleiðingar sem þolandinn þarf að glíma við. Snertifletir þeirra sem þurfa að þola ofbeldi eru til dæmis við lögregluna, barnavernd og við heilbrigðiskerfið.

Þjónustupegar eru spurðir hvort þeir séu að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins sem þeir eru komnir til að ræða. Alls svöruðu 90% þjónustupega spurningunni. Af þeim sem svöruðu sögðust 879 (99%) vera að klást við afleiðingar ofbeldisins.



**Mynd 13.** Svör við spurningunni:

*Er viðkomandi að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins? Hér er átt við það atvik/ofbeldi sem þjónustuþegi vill ræða núna.*

Ef afleiðingarnar eru skoðaðar nánar, kemur í ljós að 93% eru að kljást við kvíða, 64% við þunglyndi og 61% þjónustupega eiga í erfiðleikum með svefn. 12% eru að kljást við fíknivanda í kjölfar ofbeldisins. Sjá nánar í töflu 14.

Afleiðingar	Fjöldi	Hlutfall
Kvíðaeinkenni	864	93%
Þunglyndiseinkenni	596	64%
Erfiðleikar með svefn/svefnleysi	561	61%
Einkenni áfallastreitu	488	53%
Líkamlegir verkir	249	27%
Fíknivandi	111	12%
Sjálfsvígshugsanir	63	7%
Önnur sjálfsskaðandi hegðun (kynferðisleg, tengd mataræði)	49	5%
Sjálfsvígstilraunir	18	2%
Annað	16	2%
	3.015	326%

**Tafla 14.** Afleiðingar ofbeldisins. Alls greindu 926 þjónustupegar frá samtals 3.015 ólíkum afleiðingum ofbeldis. Nefnarinn í útreikningum í töflu 17 er 926 til að sjá dreifingu afleiðinga á hvern einstakling og þ.a.l. er samanlagt hlutfall hærra en 100%.



Alls sögðust 257 einstaklingar (28%) hafa glímt við fíknivanda, sjálfsvígstilraunir, sjálfsvígshugsanir eða aðra sjálfsskaðandi hegðun í kjölfar ofbeldisins. Hér er einungis rætt um það ofbeldisatvik sem þjónustuvegi var kominn til að ræða í fyrsta viðtali, ekki hugsanleg önnur ofbeldisatvik sem viðkomandi hefur orðið fyrir.

Alls var 17 einstaklingum (2%) vísað beint á geðdeild Landspítala í kjölfar viðtals í Bjarkarhlíð vegna virkra sjálfsvígshugsana.

### Lögreglan

Alls sögðu 262 einstaklingar að lögreglan hefði haft afskipti af heimilinu vegna ofbeldisins. Það eru 27% af þeim sem svöruðu spurningunni um lögregluafskipti. 15% sögðu að spurningin ætti ekki við en 58% sögðu „nei“ við spurningunni. Alls sögðust 128 einstaklingar (13%) að ofbeldismál gegn viðkomandi hefðu verið kærð til lögreglu.

### Barnavernd


Af þjónustuvegunum 978 sögðu 546 (56%) að börn byggju á heimili þjónustuvega og er það hlutfall svipað og síðustu ár. Það var 52% árið 2021 og 2020 en 51% árið 2019. Sjá töflu 14. Heildarfjöldi barna á heimilum þjónustuvega er 710 börn, á aldrinum 0 til 17 ára. Alls sögðu 222 þjónustuvegar að barnavernd hefði haft afskipti af heimilinu, eða 23% þjónustuvega.

Ár	Fjöldi	Já, barn/börn á heimili	Hlutfall
2019	565	288	51%
2020	827	432	52%
2021	1059	584	52%
2022	978	546	56%

Tafla 15. Fjöldi þjónustuvega með barn eða börn á heimili.

### Forsjá

Alls svöruðu 464 einstaklingar spurningu um hvernig forsjá barna væri háttað. Rúmlega 56% svarenda eru með sameiginlega forsjá.




Mynd 14. Dreifing svara um forsjá.



### Heilbrigðiskerfið

Alls svöruðu 826 einstaklingar spurningu um hvort þau hefðu einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar ofbeldisins. Rúm 47% svöruðu þeirri spurningu játandi eða 391 einstaklingur.



Mynd 15. Dreifing svara um líkamlega áverka.

## 23. Fyrri áföll tengd ofbeldi

Alls sögðust 65% þjónustuþega (640 einstaklingar) sem leituðu til Bjarkarhlíðar á árinu 2022 hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi.

Ef það er greint nánar má sjá að margir hafa upplifað fleiri en eina tegund ofbeldis; af þeim 640 sem höfðu sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi, höfðu 569 einstaklingar (89%) upplifað heimilisofbeldi ýmist beint og óbeint, 266 einstaklingar (42%) höfðu sögu um kynferðislegt ofbeldi, 298 einstaklingar (47%) höfðu verið beittir andlegu ofbeldi og 155 einstaklingar (24%) höfðu verið beittir líkamlegu ofbeldi. Samanlagt hlutfall hér er hærra en 100% því margir einstaklingar hafa mátt þola fleiri en eina tegund áfalla í formi ofbeldis.

Ef já, hvers eðlis var ofbeldið?	Fjöldi	Hlutfall
Heimilisofbeldi - beint (þjónustuþegi var/er þolandi ofbeldis)	436	68%
Andlegt ofbeldi	298	47%
Kynferðislegt ofbeldi	266	42%
Líkamlegt ofbeldi	155	24%
Heimilisofbeldi - óbeint (þjónustuþegi var/er vitni af ofbeldi)	133	21%
Einelti	64	10%
Birtingarmynd ofbeldis kom ekki fram	49	8%
Annað	17	3%
	1.418	222%

Tafla 16. Fyrri áföll tengd ofbeldi. Alls sögðust 640 þjónustuþegar hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi. Samtals greindu þeir frá 1.418 birtingarmyndum ofbeldis. Samanlagt hlutfall hér er hærra en 100% því margir einstaklingar hafa mátt þola fleiri en eina tegund áfalla í formi ofbeldis.



## 24. Tilvísanir eftir fyrsta viðtal

Eftir fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð metur ráðgjafi stöðuna og vísar þjónustuþega í viðeigandi úrræði, annars vegar til fagaðila sem eru samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (innan Bjarkarhlíðar) og hins vegar í viðtal hjá fagaðilum sem ekki eru samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (utan Bjarkarhlíðar). Flestir þjónustuþegar fá tilvísun í fleira en eitt úrræði, alls fengu þjónustuþegarnir 978 tilvísanir 1.464 úrræði innan Bjarkarhlíðar og í 391 úrræði utan Bjarkarhlíðar eða samtals í 1.855 úrræði. Sjá nánar töflu 17 og 18.

Innan Bjarkarhlíðar	Fjöldi	Hlutfall
Lögregla	159	11%
Stígamót	114	8%
Kvennaathvarfið	398	27%
Mannréttindaskrifstofa/Kvennaráðgjöfin	55	4%
Annað viðtal við ráðgjafa Bjarkarhlíðar	705	48%
Annað	33	2%
	1.464	100%

Utan Bjarkarhlíðar	Fjöldi	Hlutfall
Félagsráðgjafi á þjónustumiðstöð	47	12%
Neyðarmóttaka vegna kynferðisofbeldis	2	1%
Heimilislæknir	23	6%
Geðdeild	17	4%
VIRK/Grettistak	1	0%
Barnavernd	10	3%
Bergið	39	10%
Píeta samtökin	43	11%
Heimilisfriður	3	1%
Aðrir fagaðilar	206	53%
	391	100%

**Töflur 17 og 18.** Tilvísanir í úrræði innan og utan Bjarkarhlíðar eftir fyrsta viðtal.



## ÞJÓNUSTUKÖNNUN


Um leið og þjónustuvegi skrifar undir þagnarheiti er óskað eftir leyfi hans til að hafa samband gegnum tölvupóst vegna þjónustukönnunar. Þjónustuvegum sem gefa til þess samþykki er send þjónustukönnun og þeir beðnir að svara ópersónugreinanlegum spurningum um þjónustuna.

Þjónustukönnun er send út þremur vikum eftir fyrsta viðtal og hófst það verklag í september. Við árslok 2022 hafði 51 svar borist.

90% þeirra sem svöruðu bjuggu á höfuðborgarsvæðinu, eða 46. 2 bjuggu á Suðurnesjum, 2 á Suðurlandi og 1 á Vesturlandi. Konur voru 96% svarenda eða 49. 2 karlar svöruðu þjónustukönnuninni en enginn merkti við valmöguleikann "kynsegin".


86%, eða 43 svarenda, voru gagnkynhneigð. 4 merktu við valmöguleikann "tvíkynhneigð", 2 merktu við "samkynhneigð" og 2 svarendur sögðust óvissir um kynhneigð sína.

Flestir voru á aldrinum 31-50 ára eða 56% svarenda.





### Hve lengi þurftirðu að bíða eftir viðtali?



### Viðmót



48 þjónustupegar (94%) gáfu viðmóti starfsfólks 5 stjörnur. 3 þjónustupegar gáfu viðmóti starfsfólks 4 stjörnur (6%). Enginn þjónustupegi gaf viðmóti starfsfólks færri en 4 stjörnur.

### Fagmennska og þekking



45 þjónustupegar (88%) gáfu fagmennsku og þekkingu starfsfólks 5 stjörnur. 6 þjónustupegar gáfu fagmennsku og þekkingu starfsfólks 4 stjörnur (12%). Enginn þjónustupegi gaf fagmennsku og þekkingu starfsfólks færri en 4 stjörnur.




### Í samræmi við mínar þarfir




46 þjónustuvegar (90%) gáfu 5 stjörnur þegar þeir voru spurðir hvort þjónustan væri í samræmi við þarfir þeirra. 4 þjónustuvegar gáfu 4 stjörnur (8%) við sömu spurningu en 1 gaf 3 stjörnur (2%). Enginn þjónustuvegi gaf færri en 3 stjörnur þegar spurt var hvort þjónustan væri í samræmi við þarfir þjónustuvega.

Telur þú að þú hafir á einhvern hátt fengið rangar upplýsingar/ranga meðhöndlun?




Hvernig myndir þú meta hversu vel sérfræðingar og samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar unnu saman?





Þegar á heildina er litið, hver var reynslan þín af Bjarkarhlíð (gefin einkunn á kvarðanum 1 til 10, þar sem 1 var „Reynsla mín var mjög slæm“ og 10 var „Reynsla mín var mjög góð“)



Myndirðu ráðleggja öðrum að nýta sér þjónustu Bjarkarhlíðar?





## BJARKARHLÍÐ TIL FRAMTÍÐAR

Árið 2022 var um margt krefjandi fyrir starfsemi Bjarkarhlíðar. Flutningar settu svip sinn á starfsemina en stefnt er að því að flutt verði í endurbætt og lagfært húsnæði Bjarkarhlíðar v/Bústaðaveg snemma á næsta ári.

Reynsla af starfi Bjarkarhlíðar undanfarin fimm ár sýnir að þjónustupegar hafa þörf fyrir meiri þjónustu en upphaflega var gert ráð fyrir. Stöðug eftirspurn hefur verið eftir þjónustu Bjarkarhlíðar og væntingar samfélagsins benda í þá átt að miðstöðin þróist og stækki í takt við sambærilegar miðstöðvar erlendis þar sem þolendum stendur til boða fjölbreytt þjónusta og meðferð. Módel FJC, sem miðstöðin byggir á, er enda lífrænt og breytilegt og býður upp á að tekið sé mið af þörfum þjónustupega á hverjum stað og þeim úrræðum sem aðgengileg eru í nærsamfélaginu.

Stjórn og starfsfólk Bjarkarhlíðar eru þakklát fyrir áframhaldandi stuðning stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og annarra samstarfsaðila sem sýnt hafa vilja til að vinna saman í þágu þolenda ofbeldis. Þjónustupegar hafa nýtt sér Bjarkarhlíð og sýnt úrræðinu velvilja frá upphafi. Þverfagleg samvinna hefur sannað gildi sitt með aukinni þjónustu og öryggi fyrir þjónustupega.





Bjarkarhlíð  
við Bústaðaveg  
553 3000  
bjarkarhlid@bjarkarhlid.is  
www.bjarkarhlid.is